

**Ed.**

## **81. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson, Jónas Jónsson.

### **1. gr.**

4. gr. laganna orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til tveggja ára í senn. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá um leið niður umboð þeirra útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru af útvarpsnotendum.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, gerir þá breyting á útvarpsráðinu, að tala útvarpsráðsmanna er færð úr 7 niður í 5. Kennslumálaráðherra skipaði áður einn þeirra, en samkvæmt frumvarpinu engan. Útvarpsnotendur kusu áður þrjá. Kostnaður við þá kosningu varð um hálf tunda þúsund krónur, er útvarpið varð að greiða, en yrði nú nokkru meira vegna fjölda notenda, sem þegar er orðinn. Auk nefndrar upphæðar má gera ráð fyrir einhverjum óbeinum kostnaði, en útvarpið sjálft verður að greiða vegna kosninganna nær 12000 kr. hvert skipti, sem svarar allt að 3000 kr. á ári.

Engin nauðsyn virðist að skipa útvarpsráðið fleirum en 5 mönnum. Hefir það sérstakan skrifstofustjóra sér við hönd og útvarpsstjórinn starfar með því.

Þar sem kosningar þessar hafa verið að mestu pólitískar, er líklegast, að svipuð hlutföll haldist við hlutfallskosningar á Alþingi, og einnig fari líkt um val manna í útvarpsráðið eins og verið hefir.

Hér er farin sú leið, að hafa kjörtíma útvarpsráðsins tvö ár í stað fjöggra, sem áður var. Teljum vér það rétt nú, á slíkum straumhvarfatímum, þegar enginn kostnaður er við kjör þess.

Þá skal og bent á það, að árleg launagreiðsla útvarpsins lækkar við þá breyting, sem hér er gert ráð fyrir, um 2000 kr. eða meira.